



Viðtakandi: Menningar- og íþróttaráð
Sendandi: Sviðsstjóri MÍR

Reykjavík, 22. desember 2025

MIR25120008

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn fulltrúa Framsóknarflokksins um Íþróttafélagið Fylki.

Á fundi menningar- og íþróttaráðs 12. desember 2025 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn fulltrúa Framsóknarflokksins í menningar- og íþróttaráði:

Óskað er eftir upplýsingum um hver staða málsins er varðandi samning Reykjavíkurborgar við Íþróttafélagið Fylki, sem undirritaður var í desember 2017 og laut að afsali félagsins á æfingasvæði við Hraunbæ gegn endurgjaldi vegna uppbyggingar á aðstöðu við Fylkisveg.

Sérstaklega er óskað eftir svörum við eftirfarandi:


- 1. Hver er núverandi staða efnda samningsins af hálfu Reykjavíkurborgar?*
- 2. Hafa tekjur af sölu þeirra lóða sem samningurinn tók til verið gerðar upp gagnvart Íþróttafélaginu Fylki í samræmi við ákvæði samningsins, og ef ekki, hvers vegna?*
- 3. Hefur verið unnið mat á þeirri fjárhæð sem Reykjavíkurborg kann að skulda Íþróttafélaginu Fylki vegna vanefnda samningsins, og liggi slíkt mat fyrir, hver er niðurstaðan?*
- 4. Eru áform uppi um að ljúka efndum samningsins og ef svo er, samkvæmt hvaða tímaramma?*

Svar:

Samkvæmt upplýsingum frá Eignaskrifstofu 11. ágúst 2025 sbr. forsk. þá hefur uppgjör farið fram.

Á fundi menningar- og íþróttaráðs 14. mars 2025 var lögð fram tillaga Sjálfstæðisflokksins um sama málefni og tillögunni vísað til borgarráðs. Þar kemur eftirfarandi fram í bókun Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna:

Fulltrúar samstarfsflokkanna leggja til að málinu verði vísað til borgarráðs til meðferðar og úrvinnslu byggt á samkomulagi Reykjavíkurborgar og Fylkis vegna uppbyggingar og endurbóta á íþróttasvæði Fylkis frá 18. des. 2017. Uppgjör hefur farið fram en eftirstöðvar samninga sýna að Fylkir eigi inni óráðstafað rúmar 6 mkr.

Virðingarfyllst,

Steinþór Einarsson
sviðsstjóri



Reykjavík



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Fjármála- og áhættustýringarsvið, Eignaskrifstofa

Reykjavík, 11. ágúst 2025

MIR24120009

UMSÖGN

Umsögn um tillögu tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um uppgjör við Fylki

Þann 14. mars 2025 lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í menningar- íþrótt- og tómstundaráði fram svohljóðandi tillögu sem var vísað í borgarráð.

„Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur beinir því til borgarráðs að ráðist verði í uppgjör milli Reykjavíkurborgar og Íþróttafélagsins Fylkis samkvæmt samkomulagi þessara aðila frá 18. desember 2017. Samkvæmt umræddu samkomulagi var m.a. gert ráð fyrir því að Fylkir gæfi eftir æfingasvæði milli Hraunbæjar og Bæjarháls, sem félagið hafði til afnota um áratugaskeið. Reykjavíkurborg fengi æfingasvæðið til uppbyggingar en 20% af söluverði byggingarréttar á svæðinu, umfram 400 milljónir króna, færu til uppbyggingar og endurbóta á svæði Fylkis „

Uppgjör hefur fram en óráðstafað er krónur 6.355.000 sem munu nýtast frekari uppbyggingu og endurbætur á svæði Fylkis.

Virðingarfyllt,
Óli Jón Hertervig
Eignaskrifstofa
Fjármála- og áhættustýring

Hjálagt:

Samkomulag við Fylki dags 18 des 2017

Minnisblað um stöðu dags 20. október 2021



Reykjavík

20. okt. 2021 ÓJH

Til minnis vegna Fylkis

Samkvæmt samningi ættu að fara 523.131.000 í framkvæmdir á Fylkissvæði. Sjá meðf. útreikning um sölu lóða og heildarframlag.

Sala byggingaréttar

Hraunbær 133	227.200.000	Bjarg	45.000 kr/m ²
Hraunbær 143	356.900.000	Húsvirki	57.939 kr/m ²
Hraunbær 153	381.555.000	Bjarg	45.000 kr/m ²
Samtals söluverð	1.015.655.000		

Framlag samkv. samningi

Samkvæmt samningi 400 m.kr.	400.000.000
20% af sölu byggingaréttar umfram 400. m.kr.	<u>123.131.000</u>
Heildarframlag skv. samningi	523.131.000

Kostnaður bókfærður

Greitt vegna Fylkissvæðis fyrir 2021	501.552.000
Greitt 2021 vegna Fylkissvæðis	<u>15.224.000</u>
Samtals þegar greitt	516.776.000

Eftirstöðvar samnings, óráðstafað	6.355.000
--	------------------



Reykjavík, 27. mars 2025

MIR24120009

Borgarráð

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um uppgjör við Fylki.

Á fundi menningar- og íþróttaráðs 14. mars 2025 var lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins sbr. fund menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs dags. 13. desember 2024:


Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur beinir því til borgarráðs að ráðist verði í uppgjör milli Reykjavíkurborgar og Íþróttafélagsins Fylkis samkvæmt samkomulagi þessara aðila frá 18. desember 2017. Samkvæmt umræddu samkomulagi var m.a. gert ráð fyrir því að Fylkir gæfi eftir æfingasvæði milli Hraunbæjar og Bæjarháls, sem félagið hafði til afnota um áratugaskeið. Reykjavíkurborg fengi æfingasvæðið til uppbyggingar en 20% af söluverði byggingarréttar á svæðinu, umfram 400 milljónir króna, færu til uppbyggingar og endurbóta á svæði Fylkis.

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram málsmeðferðartillögu um að vísa tillögunni til borgarráðs sem var samþykkt.

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar samstarfsflokkana leggja til að málinu sé vísað til borgarráðs til meðrðar og úrvinnslu byggt á samkomulagi Reykjavíkurborgar og Fylkis vegna uppbyggingar og endurbóta á íþróttasvæði Fylkis frá 18. des. 2017. Uppgjör hefur farið fram, en eftirstöðvar samnings sýna að Fylkir eigi inni óráðstafað rúmar 6 milljónir kr.

Virðingafyllst,


Steinþór Einarsson,
starfandi sviðsstjóri MÍR.



Reykjavík